



Bókasafn Reykjanesbæjar

ársskýrsla fyrir árið 2020



Efnisyfirlit:

Hagnýtar upplýsingar

Lykiltölur 2020
Hlutverk
Leiðarljós
Markmið
Leiðir að markmiðum
Aðsetur
Opnunartími
Húsnæði
Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
Rafrænn aðgangur
Rekstrartölur
Starfsfólk
Helstu verkefni ársins
Súlan - verkefnastofa

Aðfangadeild

Hlutverk
Safnkostur

Barna- og ungmennastarf

Sögustundir/heimsóknir
Samstarfsverkefni
Sumarlestur
Koffort
Gaman að lesa saman
Bókaverðlaun barnanna
Fjölskyldudagar
Barnahátíð
Sögupokar

Fjölmennning

Heimskonur
Heima er þar sem hjartað slær
Heilakúnstir
Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Fjölmenningarráð Reykjanesbæjar
Þjónusta við hælisleitendur
Millisafnalán
Samstarf við Norræna húsið

Heimsendingar

Tölur yfir útlán

Kynningar-og markaðsmál ásamt menningarviðburðum

Reglulegir/fastir viðburðir
Aðrir viðburðir á árinu
Sýningar í Átthagastofu
Kynningarmál

Tölvu- og tæknimál

Tölvueign
Forrit og kerfi

Upplýsingadeild

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
Millisafnalán
Notendaþjónusta
Handbækur
Upplýsingavakt

Útlánadeild

Verksvið
Útlán

Viðgerðir og bókbönd

Forsíðumyndin er samsett. Yfirlitsmynd frá starfinu, viðburðum og upplestri.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

LYKILTÖLUR 2020: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 74.127 (96.713)

Útlán á íbúa: 3,9 (5,1)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2020 voru 53.913 (76.171)

Heimsendingar, útlán á Nesvelli og Hlévang voru 847 (1.016)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.380 (19.380)

Útlán til skipshafna 151 (301)

Rafbókasafn 594 (730)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 240 (432)

Millisafnalán voru 2.443 (3.120)

Fjöldi lánþega með gild kort 31. desember 2020 2.046 (2.581)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir: 50 (128)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 15 (41)

Sumarlestur: 142 (240)

Þjónustutími: 51 klst á viku

Þjónustudagar: 228 (300)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2020: 61.914 (62.445)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2020: 10 (9). Stöðugildi 8,1 (7,1)

Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun. Bókasafnið er staðurinn til að heimsækja til að sækja fræðslu, námskeið, viðburði, skemmtun, eflandi einveru og nærandi samveru.

Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, vísýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lífandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framvarðsveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öflugra þjónustu.

Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tímarita og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna og leitir.is, hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrennanabyggðir í Átthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.

Aðsetur: Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ. Póstfang 230. Sími 421 6770. Netfang: bokasafn@reykjanesbaer.is, veffang: sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn.

Opnunartími: Safnið er opið mánud. – föstud. kl. 9-18 og laugardaga 11-17 allt árið.

Húsnæði: Safnið er í 911 m² húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 500 m² og neðri hæð 411 m².

Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél: Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Ein sjálfsafgreiðsluvél er á safninu.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is og leitir.is. Bókasafnið er aðili að Rafbókasafni rafbókasafn.is.

Rekstrartölur: Fjárhagsáætlun Bókasafnsins 2020 hljóðar upp 89.800.000 kr. Tekjur voru áætlaðar 5.450.000 kr., launakostnaður 65.386.618 og annar rekstrarkostnaður 29.863.382. Fjárhagsáætlun Stapasafns í Stapaskóla 2020 hljóðar upp á 9.300.000 kr. Launakostnaður var áætlaður 6.300.000 kr. og bókaínnkaup 3.000.000 kr.

Starfsfólk: Í árslok 2020 voru 10 (9) starfsmenn á safninu í 8,1 (7,1) stöðugildum. Þeir eru: Anna María Cornette, Guðný Kristín Bjarnadóttir, Guðríður Anna Waage, Jóna Þórudóttir, Oddný Leifsdóttir, Rannveig Garðarsdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir, Sigurbergur Bjarnason, Sigurrós Inga Sigurbergsdóttir og Þórey Ösp Gunnarsdóttir. Eitt stöðugildi bættist við vegna útibús í Stapaskóla. Auk þess voru Saga Eysteinsdóttir, Dilja Rún Einardóttir og Sigurbergur Bjarnason í afleysingum. Anna Margrét Ólafsdóttir var í 3 mánuði með ráðningarstyrk í vinnumarkaðsaðgerð Vinnumálastofnunar. Soffía Kjartansdóttir og Svandís Óskarsdóttir frá Virk komu í vinnuþrófun. Dagur Funi Brynjarsson, Marta Alda Pitak, Marteinn Einarsson og Dagný Halla Ágústsdóttir störfuðu með okkur í gegnum sumarátak námsmanna.

Helstu verkefni ársins:

Árið var mjög litað af Covid-19 og samkomutakmörkunum sem hefur haft veruleg áhrif á alla starfsemi bókasafnsins auk þess sem safnið var lokað í 76 daga. Til samanburðar voru þjónustudagar 300 árið á undan, sem er fjórðungs fækkun milli ára. Þá höfðu fjöldatakmörkanir veruleg áhrif á heimsóknir gesta og hópa. Bókasafnið var lokað 16. mars og opnað aftur 4. maí. Aftur var skellt í lás 31. október og opnað 10. desember. Á meðan á lokunum stóð þá unnu starfsmenn bæði í fjarvinnu og á starfsstöð. Farið var í grisjun í geymslu safnsins í Ramma og grisjað, þrifið og skipulagt í bókasafninu. Tekin voru upp stutt myndbönd Með Jónu í beinni þar sem farið var í gegnum þjónustu og bókaínnkaup safnsins. Boðið var upp á bókaínnkaup heim til lánþega í fyrstu bylgju við góðar undirtektir. Þrátt fyrir að ýmsir viðburðir fóru á ís þá urðu til ný tækifæri þar sem viðburðir fóru fram í beinu streymi. Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum fengu styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til áframhaldandi kynningar á bókaínnkaupum. Öll söfnin á Suðurnesjum frestuðu höfundakvöldum utan Reykjanesbæ en þar var haldið menningarkvöld og bókaínnkaup barnanna í samstarfi við Hljómahöll og Víkurfréttir í beinu streymi. Fleiri viðburðum var streymt eins og Notaleg sögustund með Höllu Karen, sögustundir á pólsku, hugleiðsluhádeggi og krakkajóga. Búin voru til fönðurmyndbönd og fjölskyldubingó til að létta bæjarbúum lífið í samkomubanni. Undirbúningur að Stapasafni – nýju bókasafni í Stapaskóla hófst á árinu. Settar voru upp hillur, safnkostur keyptur og farið í skipulag safnsins. Heilmikill undirbúningur fór fram þar sem starfsmenn fengu inn í Ramma á meðan beðið var eftir afhendingu safnsins. Áætlað er að almenningshlutinn opni á vordögum 2022. Verkefninu „Heima er þar sem hjartað slær“, sem hófst í bókasafninu 2019, var haldið áfram í Phoenixville í Bandaríkjunum með glæsibrag með þátttöku heimskvænna þar í landi. Fjögur ungmenni urðu liðsmenn bókasafnsins í gegnum sumarátak námsmanna. Mikil samvinna var þeirra á milli en meðal verkefna voru myndbandagerð, uppsetning sýningar og framkvæmd þjónustukönnunar. Þjónustukönnunin leiddi í ljós að 94% þátttakenda voru ánægðir með heildarstarfsemi bókasafnsins og 44% þátttakenda í Innri-Njarðvík vildu fá útibú í sitt hverfi. Þá kom fram að 50% gesta mæta á bókasafnið einu sinni í mánuði eða oftar. Plássleysi er verulega farið að há starfsemi safnsins. Því er nauðsynlegt að hafa grimma grisjunarstefnu. Eintökum hefur fækkað um 3,6% frá 2018 þrátt fyrir að bókaútgáfa tvö síðustu ár hafi verið metár.

Súlan - verkefnastofa

Þórdís Ósk Helgadóttir er forstöðumaður Súlunnar. Menningar- og atvinnuráð skipa þau Friðjón Einarsson (formaður), Arnar Páll Guðmundsson, Eydís Hentze Pétursdóttir, Sigrún Inga Ævarsdóttir og Trausti Arngrímsson.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóðareglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfelli birtist á www.leitir.is og á heimasíðu [bókasafnsins](http://bokasafnsins.is). Tekið er lágmarksgjald fyrir allar nýskráningar fyrir önnur söfn sem óska eftir þjónustu safnsins.

Samkvæmt tölugögnum Landskerfis bókasafna taldist fjölbreyttur safnkostur Bókasafns Reykjanesbæjar í lok ársins 2020 61.914 (62.445) eintök bóka og annarra safngagna sem skiptast m.a. í 54.032 bækur, 5.094 eintök tímarita, 1.086 hljóðbækur, 344 hljómdiskar, 755 mynddiskar og 106 spil. Árið 2020 var óhefðbundið í starfsemi safnsins þar sem þurfti að loka því í tvígang vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldrinum. Tíminn var því nýttur í grisjun og var grisjað töluvert, m.a. í geymslum safnsins. Til er grisjunarstefna sem farið er eftir við grisjun safnkosts, ennfremur er sú stefna í stöðugri þróun. Mikið var keypt af nýjum bókum, bæði á íslensku, ensku og pólsku. Einnig fjölgaði í spiladeild safnsins og hafa vinsældir þeirra aukist. Eins bættist eitthvað við af kökuformum og voru útlán á þeim árið 2020 alls 42, sem er nokkuð gott miðað við skerta starfsemi í heimsfaraldri. Notkun lánþega á Rafbókasafninu hefur dalað á árinu 2020. Útlán í Rafbókasafninu hjá lánþegum safnsins voru 594 (730). Helsta skýringin er sú að ekki er nægt efni á íslensku í Rafbókasafninu.



BARNA- OG UNGLINGASTARF

Sögustundir/heimsóknir: Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 50 (128) leikskólaheimsóknir voru skráðar á árinu frá 8 leikskólum. 15 (41) grunnskólaheimsóknir og rúmlega 387 (1100) börn komu í heimsókn á safnið á árinu í kynningu á safninu og í Vallaleikinn sem er ratleikur um safnið. Þar að auki heimsóttu hópar frá grunnskólum safnið án þess að fá formlega móttöku. Einnig hafa dagmæður komið með yngstu börnin. KFUM og K komu í heimsókn með 65 (31) börn. Það komu 156 (300) börn í Vallaratleik á safnið. Um 400 börn komu á bókasafnið á Öskudeginum, sungu fyrir starfsmenn og fengu blýanta að launum.

Samstarfsverkefni: Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem fer fram á öðrum bókasöfnum. Barnabókavörður tekur einnig þátt í umræðum sem varða barna- og unglingsbækur á póstlistum um málefni bókasafna. Barnabókavörður er í samstarfi við skólabókaverði í Reykjanesbæ. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafns en almennings- og skólabókasöfn um land allt fá rétt til þátttöku.

Sumarlestur: Boðið er upp á sumarlestur 1. júní – 31. ágúst á hverju ári fyrir börn á milli 6 – 16 ára og elsta árgangi leikskólanna. Farið var í alla grunnskóla Reykjanesbæjar og skrifstofum skólana afhent bókaskrá fyrir nemendur í 1. – 4. bekk alls 1400 börn. Ekki var hægt að fara með kynninguna í bekkina vegna sóttvarnatakmarkana. Því var búið til kynningarmyndband og sent á skólana þar sem farið var yfir verklag sumarlesturs þetta árið. Halla Karen var fengin í verkefnið og gerði myndband ásamt þremur börnum úr sjöunda bekk í Myllubakkaskóla. Farið var í alla leikskóla Reykjanesbæjar til að kynna sumarlesturinn, 270 börn fengu bókaskrá og fyrsta spjaldið í sumarlestrarleikjum. Þessu var fylgt eftir með myndbandi sem birtist á samfélagmiðlum sem minnti á sumarlesturinn eftir skólaslit. Við takmörkun hópmyndunar í bókasafninu var ýmsu breytt af því sem safnið hefur gert síðastliðin ár til þess að virkja börn á grunnskólaaldri til lesturs. Óvissupakkar voru ekki þetta árið og daglegu föndri var sleppt. Í staðin voru útbúin tvö lestrarþil í tilefni af 40 ára afmælis sögupersónunnar Harry Potter. Öll hönnun á sumarlestrarleikjum og sýning í Áttthagastofu voru tengd við þessa sumarsins; galdra. Hægt var að nálgast öll spil, sumarleiki og þátttökumiða á heimasíðunni og í safninu. Þá var boðið upp á að senda inn lausnir við í tölvupósti, í skilakassa í safninu eða í grunnskóla Reykjanesbæjar. Farið var með kassa í alla skóla til að börn gætu skilað inn þátttökumiðum ef þau ættu ekki heimangengt í safnið. Þetta er þriðja árið sem farið er með skilakassa í bókasöfn grunnskólanna og talsverð aukning varð á skilum milli ára og virðist það tengjast tilteknum kennurum. Bryna þarf fyrir kennurum og starfsfólki skólabókasafna nauðsyn þess að hafa kassana sjáanlega. Merkjalegur munur er á fjölda þátttakenda milli skóla sem kynna sumarlesturinn vel og þeirra sem gera það ekki.

Sumarlestrarleikir gengu vonum framár. Yfir 310 leikjabloð og 142 skráningar bárust. Þetta er fækkun milli ára, sem skýrist að stórum hluta að skertum aðgangi barna að safninu sökum Covid-19. Vikulega var dregið úr sumarlestursleikjunum og vinningshafar fengu bókaverðlaun. Ekki var haldin uppskeruhátíð í haust líkt og venja er í lok sumarlesturs, þetta var gert til að stuðla ekki að hópmyndun. Í staðinn var brugðið á það ráð að veita 3 skólum í Reykjanesbæ verðlaunaávisun til bókakaupa á sitt skólasafn. Verðlaunin voru veitt til þeirra skóla sem voru með flesta þátttökumiða (mest lesið) hjá sínum nemendum. Það voru

Myllubakkaskóli sem var mjög duglegur að kynna sumarlestur fyrir sína nemendur og var með afgerandi forystu í innsendum þátttökuseðlum. Háaleitisskóli sem hefur einnig verið duglegur að virkja sína nemendur og Heiðarskóli. Verðlaunin voru 50.000 í bókakaupum fyrir fyrsta sætið og 25.000 í bókaverðlaun fyrir annað og þriðja sætið. Skólarnir tóku þessu afar vel og er stefnt að því að halda þessu fyrirkomulagi áfram.

Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar: Bókasafnið er með 1 koffort í tíu leikskólum bæjarins. Samtals á safnið 1255 bækur í þessum koffortum sem eru í mikilli notkun. Markmiðið með kofforti í leikskólum er að börn hafi aðgengi að bókum, geti fengið að láni bók með sér heim og valið úr úrvali góðra bóka.

Gaman að lesa saman: Bækurnar og hljóðbækurnar úr fjölmennningarverkefninu Gaman að lesa saman (samstarfsverkefni á milli Bókasafns Reykjanesbæjar, leikskóla Reykjanesbæjar og Hljóðbókasafns Íslands) eru á leikskólum Reykjanesbæjar og nýtast til sérkennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Leikskólinn Gefnarborg í Garði og Laut í Grindavík eru einnig með. Hljóðbækurnar eru ætlaðar tvítyngdum börnum þar sem leikskólinn er með fjölmennningarverkefnið Brú milli tungumála í gangi.

Bókaverðlaun barnanna: Bókaverðlaun barnanna voru rafræn þannig að safnið sendi enga þátttökuseðla en gestir voru minntir á kosninguna með auglýsingum innan safnsins.

Fjölskyldudagar: Laugardagar eru fjölskyldudagar í bókasafninu. Þá er settur fram leikfangakistill auk þess sem boðið er upp á fjölda viðburða fyrir fjölskyldur yfir árið. Öll leikföng og bangsar voru teknir úr barnadeild vegna sóttvarnareglna.

Barnahátíð í Reykjanesbæ: Vegna samkomutakmarkana var boðið upp á þrautaleik með farsíma í samstarfi við Duus menningarhús.

Sögupokar: Markmiðið með sögupokum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafl og sköpunargleði barna. Sumarið 2020 voru útbúnir 6 sögupokar í barnadeild, bakpokar með bók og leikföngum sem tengjast sögunni. Pokarnir eru til útláns á safninu og hafa vakið mikla lukku meðal barna og foreldra.

Gömlu tölvuleikir: Hægt er að fá gömlu tölvuleikina til að nota á staðnum. Markmiðið með þeim er að börn og foreldrar geti spilað saman gömlu leikina sem foreldrarnir spiluðu þegar þeir voru yngri. Engir tölvuleikir voru lánaðir út vegna sóttvarnareglna.

FJÖLMENNING

Heimskonur: Hópurinn Heimskonur hefur nú verið starfræktur í tæplega átta ár og gengur mjög vel. Hist hefur verið mánaðarlega og verið mjög vel mætt í öll skiptin (8 – 20 konur á hverjum fundi). Einnig hafa einhverjar úr hópnum hist fyrir utan mánaðarlegu fundina. Fésbókar síða hópsins hefur verið mjög virk og góð samskipti farið fram á henni. Gerður var bæklingur með dagskrá á íslensku og ensku. Á árinu var farið í zumba og menningargöngu um gömlu Keflavík með Nanný. Öllum öðrum viðburðum var frestað vegna samkomutakmarkana.

Heima er þar sem hjartað slær: Verkefni sem hófst með Heimskonum í bókasafninu á vormánuðum 2019 var fylgt eftir og haldin var samskonar sýning og vinnustofa í Phoenixville, Philadelphia í Bandaríkjunum í febrúar 2020. Þar tóku tólf konur þátt allstaðar að úr heiminum sem búa á svæðinu í samstarfi við Alianzas de Phoenixville. Auk þess voru verk íslenska hópsins sýnd þeim við hlið. Ytra fékk verkefnið styrk fyrir öllu efni frá SPEEDBALL fyrirtækinu. Anna María Cornette fór fyrir hönd Bókasafns Reykjanesbæjar til að stýra verkefninu ásamt Gillian Pokalo í skiptum fyrir þá vinnu sem hún lagði okkur til í fyrra. Vinnustofurnar gengu vel og opnunin líka, framkvæmdastjóri gallerisins sagði þetta fjölmennustu opnun frá uphafi. Einnig komu skólahópar og unnu verkefni úr sýningunni. Gillian er einnig kennari og hafði útbúið kennsluefni í tengslum við verkefnið ætlað börnum á grunnskólaaldri. Sýningin var mjög vinsæl, ákveðið var að láta hana hanga fram í apríl en í upphafi áttu hún að opna 7. febrúar og vera í fjórar vikur.

Heilakúnstir: Rauði krossinn og Bókasafn Reykjanesbæjar bjóða upp á heimanámsaðstoð fyrir grunnskólabörn í Reykjanesbæ. Sjálfbóðaliðar sjá um aðstoðina. Aðstoðin er í boði tvisvar í viku. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmarkana.

Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum: Hópar úr landnemaskólanum og Menntastöðum koma í heimsókn á safnið.

Hælisleitendur: Bókasafnið kemur að þjónustu við hælisleitendur í Reykjanesbæ og fær hver hælisleitandi bókasafnskort án endurgjalds. Þetta er í samstarfi við velferðarsvið.

Millisafnalán: Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir um allt land með því að lána bækur á pólsku og ensku til lengri eða skemmri tíma.

Samstarf við Norræna húsið: Bókasafn Reykjanesbæjar er í samstarfi við Norræna húsið um lán á bókum á norrænum tungumálum hjá Norræna húsinu með gildu bókasafnskorti á Bókasafni Reykjanesbæjar. Lánþegar þurfa þó að hafa sjálfir fyrir því að ná sér í bækur og skila þeim aftur.

HEIMSENDINGARÞJÓNUSTA

Rannveig Lilja Garðarsdóttir og Oddný Leifsdóttir hafa umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins. Farið hefur verið í heimsendingar, á Nesvelli og Hlévang aðra hverja viku. Um 9 lánþegar hafa þegið þjónustu í heimahús með reglulegu millibili. Þar að auki hafa starfsmenn safnsins verið milligönguliðir á milli lánþega og Hljóðbókasafns Íslands þegar þannig hefur staðið á. Um 8 lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum og á Hlévangi eru um þrjár sem nýta sér þjónustuna.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):

Heimsendingar: 399 (358)

Nesvellir: 323 (533)

Hlévangur: 125 (125)



KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐURM

Í markaðsstarfi safnsins er unnið með póstlista, facebook, instagram, pinterest og heimsíðu safnsins. Sökum Covid-19 var minna um viðburði, því fækkaði gestakomum. Leyfi fékkst til þess að flytja styrk til frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja „Kynning á bókmenntaarfinum“ á milli ára. Heildarfjöldi viðburða á árinu voru 60 (192) og skráðir gestir voru 5.393 (14.172) Heildarfjöldi áhorfa í streymi voru 19.644.



Reglulegir/fastir viðburðir:

Meningarkonfekt: Stærsti bókmenntaviðburður ársins þar sem rithöfundar koma og lesa úr verkum sínum. Í ár komu Jón Kalman Stefánsson, Auður Ava Jónsdóttir og Sólborg Guðbrandsdóttir. Viðburðurinn fór fram í streymi á samfélagsmiðlinum Facebook, frá Hljómahöll í Reykjanesbæ, í samstarfi við Víkurfréttir og Hljómahöll. Hljómsveitin GÓSS, sem er skipuð af Sigurði Guðmundssyni, Sigríði Thorlacius og Guðmundi Óskari Guðmundssyni, tók nokkur vel valin lög á milli atriða. Upplsturinn var styrktur af Uppbyggingasjóði Suðurnesja.

Bókaakonfekt barnanna: Árlegur bókmenntaviðburður fyrir börn var haldinn í fjórða sinn, nú í lok nóvember. Höfundar komu í beint streymi frá Hljómahöll í Reykjanesbæ og lásu upp úr bókum sínum. Í ár komu þau Gunnar Helgason, Björk Jakobsdóttir og Gerður Krisný. Salka Sól gladdi áhorfendur með söng sínum á milli atriða. Viðburðurinn fór fram í streymi á samfélagsmiðlinum Facebook, frá Hljómahöll í Reykjanesbæ, í samstarfi við Víkurfréttir og Hljómahöll. Upplsturinn var styrktur af Uppbyggingasjóði Suðurnesja.

Erlingskvöld: Erlingskvöld féll niður vegna sóttvarnatakmakana.

Litum saman: Fjölskyldum er boðið upp á að lita saman einu sinni í mánuði á laugardegi. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmakana.

Spilum saman: Fjölskyldum er boðið upp á að spila saman einu sinni í mánuði á laugardegi. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmakana.

Leshringur: Bókasafnið starfrækir leshring sem hittist einu sinni í mánuði og ræðir fyrirfram ákveðna bók sem allur hópurinn les. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmakana.

Þrjónahlýja: Hópur kvenna sem hittist reglulega í bókasafninu og vinnur handavinnu. Útkoman eru vettlingar og sokkar sem leikskólar bæjarins fá gefins. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmakana.

Bréfamaráþon Amnesty International: Bókasafnið tekur alltaf þátt í átakinu í tvær vikur í desember þar sem fólk getur komið og skrifað undir áskoranir á vegum Amnesty. Í ár fór átakið fram á samfélagsmiðlum vegna samkomutakmakana.

Heimskonur: Heimskonur er fjölþjóðlegur hópur kvenna sem hittist að minnsta kosti einu sinni í mánuði í bókasafninu og spjallar saman um lífið og tilveruna á Íslandi. Með þeim eru skipulagðir ýmiskonar fleiri viðburði sem haldnir eru bæði í bókasafninu og annarsstaðar. Má þar nefna, zumbatíma, gönguferð og fleira. Þessir fundir voru mun færri á árinu vegna samkomutakmakana.

Heilakúnstir: Heilakúnstir er heimanámsaðstoð sem Rauði Krossinn á Suðurnesjum veitir alla þriðju- og fimmtudaga í bókasafninu. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmakana.

Foreldramorgnar: Samverustund foreldra með ung börn í safninu. Í annað hvert skipti yfir vetrarmánuðina fá foreldrar fræðslu sem snýr að þörfum og uppeldi ungbarna. Í hin skiptin er notalegt spjall. Foreldramorgnar eru búnir að skapa sér sess meðal foreldra ungra barna og eru flestir viðburðirnir virkilega vel sóttir. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmakana.

Notalegar sögustundir: Síðasta laugardag í mánuði er Notaleg sögustund með Höllu Karen sem er einn vinsælasti reglulegi viðburðurinn í bókasafninu. Þá les og syngur Halla Karen, leikkona og grunnskólakennari, fyrir stóran hóp barna á aldrinum eins til átta ára, og foreldra þeirra, ömmu og afa. Vegna samkomutakmakana fóru nokkrar notalegar sögustundir fram í beinu streymi á Facebook við góðar undirtektir.

Bókabíó: Næst síðasta föstudag í mánuði er sýnd kvikmynd sem gerð hefur verið eftir samnefndri bók. Myndirnar sem eru sýndar eru hugsaðar fyrir alla fjölskylduna. Bókabíó fór fram einu sinni í ár vegna samkomutakmakana.

Fornsögunámskeið: Tvisvar á ári er fornsögunámskeið haldið í bókasafninu þar sem Þorvaldur Sigurðsson bókmennta- og íslenskufræðingur fjallar um fornsögurnar. Á vorönn var farið yfir Hávamál en fullbókað námskeiðið á haustönn féll niður vegna samkomutakmakana.

Saumað fyrir umhverfið: Annan hvern mánudag er Saumað fyrir umhverfið á neðri hæð safnsins. Þá gefst gestum tækifæri til að sauma margnota taupoka sem settir eru í pokastöðvar í Reykjanesbæ. Saumavélin var tekin út vegna sóttvarnareglna.

Aðrir viðburðir á árinu:

Krakkajóga: Tvisvar á ári fáum við til okkar Sigurbjörgu E. Gunnarsdóttur jóga leiðbeinanda og leikskólakennara sem kennir jóga fyrir börn. Viðburðurinn var í streymi.

Sögustundir á pólsku: Á árinu voru haldnar fjórar sögustundir í beinu streymi á samfélagsmiðlinum Facebook. Fyrsta sögustundin var í maí en seinni þrjár voru í nóvember og þar af tvær í tengslum við pólska menningarhátíð.

Hugleiðsluhádegi: Á nýju ári hófst verkefni sem Rannveig L. Garðarsdóttir starfsmaður safnsins sá um. Hún virkjaði með sér fólk á svæðinu sem leiddi eina hugleiðslustund í hádeginu á mánudögum. Verkefnið fór vel af stað en varð sjálfhætt vegna sóttvarnatakmarkana. Þó voru tvær hugleiðslur í gegnum netið en aðrar verða geymdar til betri tíma með engum samkomutakmörkunum.

Öskudagur: Á Öskudag buðu við velkomna krakka í búningum sem sungu fyrir blýanta merкта safninu. Um 400 börn komu og sungu.

Ástarvika: Kærleikurinn er besti leikurinn. Í ástarviku í febrúar var safnið skreytt með bókahjörtum og allir fengu hjartabókamerki.

Ketoflex 3-3-1: Höfundur bókarinnar, Þorbjörg Hafsteinsdóttir, fjallaði um bók sína og gaf áheyrendum góð ráð. Bækur hennar, námskeið og fyrirlestrar hafa notið mikilla vinsælda hér heima og erlendis.

Ljóðalabb: Vikuna 16. – 22. nóvember, í tengslum við Dag íslenskrar tungu, voru sett upp ljóð á gönguleið í efri byggðum Reykjanesbæjar. Ljóðin voru öll eftir Jónas Hallgrímsson og vakti verkefnið mikla lukku meðal bæjarbúa, ekki síst vegna lokana vegna Covid-19 og aukinnar útiveru íbúa bæjarins.

Fjölskyldu bingó: Fyrir páska var birt fjölskyldubingó sem deilt var á samfélagsmiðlum og heimasíðu með ýmsum hugmyndum fyrir fjölskyldur til þess að gera saman í samkomubanni og yfir páskana.

Sögur heimurinn þinn!: Sögusmiðja fyrir grunnskólabörn í 3. – 6. bekk á Suðurnesjum. Á námskeiðinu voru skoðuð margvísleg ritunarform eins og að skrifa smásögu, leikrit, stuttmyndahandrit eða úttvarpsleikrit. Þá var uppbygging sögugerðar kennd og farið yfir mikilvæg atriði við ritun. Umsjón var í höndum Gunnars Helgasonar rithöfundar og leikara og Önnu Margrétar Ólafsdóttur starfsmanns bókasafnsins. Námskeiðin voru samstarfsverkefni almenningsbókasafna á Suðurnesjum með styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Bókasafnsdagurinn og Alþjóðlegur dagur læsis: Á þessum dögum vekur bókasafnið athygli á dögnum með fjölbreyttum hætti, bæði í safninu og á samfélagsmiðlum. Á bókasafnsdeginum var safnið skreytt með íslenska fánanum, felldar niður sektir og starfsmenn gæddu sér á köku á þessum hátíðisdegi.

Matarsóun: Raket Garðarsdóttir stofnandi Vakanda, samtaka um aukna vitundarvakningu varðandi matarsóun matvæla, hélt erindi um matarsóun.

Jólafondur: Í ár var boðið upp á jólafondur á netinu vegna samkomutakmarkana. Gerð voru þrennskonar origami fönður-myndbönd með ungum dreng, Stormi Braga, til þess að sýna hvernig gera má origami pakkastjörnu, jólatré og Trönu.

Kynning fyrir MSS: Nemendur í Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum koma 1-2 sinnum á ári í kynningu á starfsemi bókasafnsins. Í febrúar kom hópur af pólskum nemendum frá MSS sem tóku þátt í Valla-ratleiknum.

Fullorðinsföndur: Í ár var boðið upp á þrjár föndur-kvöldstundir fyrir fullorðna. Í febrúar var origami óróagerð kennd og í september var boðið upp á taubindasam og vaxdúkagerð.

Plastlaus september: Bókasafnið tók þátt í átakinu sem miðar að því að takmarka notkun plasts. Ekki er lengur boðið upp á plastpoka undir bækur, heldur bréfpoka og margnota taupoka. Settar voru saumavélar í miðju safnsins og gestir fengnir til að sauma poka.

Meningarganga með Heimskonum: Rannveig L. Garðarsdóttir starfsmaður Bókasafns Reykjanesbæjar og leiðsögumaður fór í menningargöngu um gamla bæinn með Heimskonuhópnum.

Skáldaskápur: Í maí var beint streymi frá skáldaskáp Gunnhildar Þórðardóttur. Sólmundur Friðriksson, kennari og tónlistarmaður var með upplestur á ljóðum sínum sem prýddu Skáldaskáp að þessu sinni. Skáldaskápurinn er samfélagslegt verkefni þar sem öllum íbúum óháð kyni, aldri, þjóðerni og tungumáli er boðið að taka þátt með skapandi skrifum.

Fataskiptimarkaður: Í september var haldinn fataskiptimarkaður í safninu þar sem hægt var að koma með notuð en vel með farin föt og skipta þeim út fyrir önnur notuð föt.

Spilavinir: Í byrjun febrúar komu Spilavinir, sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig í spilum af öllum gerðum, til þess að kenna á nokkur vel valin spil í safninu.

Í beinni með Jónu: Í fyrstu bylgju Covid-19 faraldursins var sett af stað verkefni þar sem Jóna Þórudóttir starfsmaður Bókasafns Reykjanesbæjar var í beinu streymi á samfélagsmiðlinum Facebook og fór yfir hina ýmsu hluti á safninu, safndeildir og starfsemi safnsins.

Á réttri hillu: Virpi Jokinen, vottaður skipuleggjandi, var með fyrirlestur í Bókasafni Reykjanesbæjar í mars. Virpi rekur fyrirtækið á réttri hillu sem sérhæfir sig í að veita skipulagsaðstoð fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki.

Föndurvidjón: Í fyrstu bylgju Covid-19 voru gerð föndurmyndbönd sem póstað var á samfélagsmiðlinum Facebook. Kenndar voru aðferðir til að föndra þyrlu, skrímsla bókamerki, furðufiska og hunda bókamerki.

Töfraspotagerð: Í tengslum við sýningu í Átthagastofu, Galdraheimur bókmenntanna, var haldin smiðja um töfraspotagerð.

Origami föndur: Í tengslum við sýningu í Átthagastofu, Galdraheimur bókmenntanna, var haldin origami föndursmiðja.

Sumarlestrarleikir: Í sumar, sökum Covid-19, var brugðið á það ráð að búa til lestrar borðspil sem börn og fullorðnir gátu spilað heima. Spilin voru tvö, annað þeirra var lestrar lúdó og hitt lestrar slönguspil. Spilin voru bæði með galdrapema sem var þema sumarlestursins í ár og vegna sýningar í Átthagastofu sem hét Galdraheimur bókmenntanna.

Lesember: Starfsfólk Bókasafns Reykjanesbæjar bauð upp á skemmtilegt lestrarátak í desember. Á hverjum degi í jólamánuðinum var ný lestraráskorun birt á samfélagsmiðlum safnsins.

Instagram leikur: Þrjú gjafaleikir voru settir af stað í desember sérsniðnir til að ná til yngra fólks. Í leiknum voru gefnar þrjár veglegar bækur um hönnun og tísku. Um 200 fylgjendur bættust við fylgjendahópinn.

Heilsu- og forvarnarvika: Boðið var upp á krakkajóga í heilsu- og forvarnarviku með Sigurbjörgu E. Gunnarsdóttur, leikskólakennara og jógaleiðbeinanda. Krakkajógað var í beinu streymi.

Öskudagur: Á Öskudag buðum við velkomna krakka í búningum sem sungu fyrir blýanta merktu safninu. Um 400 börn komu og sungu.

Kynning á bókmenntaarfinum: Bókasöfnin á Suðurnesjum standa saman að dagskrá undir yfirskriftinni „Kynning á menningararfinum“ þar sem fjallað er um bókmenntir á ýmsan máta. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Öll söfnin á Suðurnesjum frestuðu höfundakvöldum sökum Covid-19. Bókasafn Reykjanesbæjar hélt menningarkvöld og bókakonfekt barnanna í samstarfi við Hljómahöll og Víkurfréttir. Viðburðirnir fóru fram í streymi á samfélagsmiðlinum Facebook, frá Hljómahöll í Reykjanesbæ. Á menningarkonfektinu komu fram Jón Kalmann Stefánsson, Auður Ava Jónsdóttir og Sólborg Guðbrandsdóttir. Hljómsveitin GÓSS, sem er skipuð af Sigurði Guðmundssyni, Sigríði Thorlacius og Guðmundi Óskari Guðmundssyni, tók nokkur vel valin lög á milli atriða. Á Bókakonfekt barnanna komu þau Gunnar Helgason, Björk Jakobsdóttir og

Gerður Krisný. Salka Sól gladdi áhorfendur með söng sínum á milli atriða. Upplsturinn var styrktur af Uppbyggingasjóði Suðurnesja.

Áramótakveðja: Á Gamlársdag las Bergrún Íris úr bók sinni Töfralandið í gegnum veraldarvefinn beint heim í stofu til barna í Reykjanesbæ og fjölskyldna þeirra.

Sýningar í Átthagastofu:

Yfirsýn Hilmars Braga: Ljósmyndasýning Hilmars Braga Bárðassonar blaðamanns og ljósmyndara hjá Víkurfréttum var opnuð í janúar. Þetta var fyrsta sýning Hilmars Braga til fjölda ára og sýnir Suðurnesin frá skemmtilegu sjónarhorni. Hilmar notaðist við flygildi í myndatökunum og eru því allar myndirnar og myndbönd tekin að ofan úr mikilli fjarlægð. Hilmar Bragi hefur alla tíð verið búsettur á Suðurnesjum og í gegnum starf sitt sem fréttamaður á Suðurnesjum í yfir 35 ár öðlast skemmtilega yfirsýn yfir svæðið og mannlíf þess.

Galdraheimur bókmenntanna: Sýningin var opnuð í lok júlí í tilefni fertugs afmælis sögupersónunnar Harry Potter. Mikil vinna var lögð í sýninguna og undirbúning hennar. Einnig var þemað tengt við sumarlestur grunnskólubarna og búin til tvö lestrar spil í tengslum við sýningu og sumarlestur. Fjórir háskólanemar voru við vinnu í bókasafninu í sumarátaki og sinntu þeir ýmsum störfum tengdum sýningunni. Útbúnir voru munir úr heimi J.K. Rowling, hreyfimalverk (video), hljóðverk, sýningarspjöld og fleira. Einnig var fengið að láni mikið magn af munum frá íbúum bæjarins. Fjallað var um sýninguna hvort tveggja í Víkurfréttum og sjónvarpsþættinum Suðurnesjamagasín.

Hrekkjavaka í Hogwarts: Í október var opnuð sýningin „Hrekkjavaka í Hogwarts“. Notast var við grunn í sýningunni Galdraheimur bókmenntanna, en skipt út stórum hluta safnmuna, hljóði og lýsingu breytt. Sýningin stóð stutt yfir; rétt yfir hrekkjavöku. Sýningin var sérstaklega miðuð að fjölskyldufólki og skólahópum. Þetta var í þriðja skipti sem bókasafnið var með slíka sýningu.

Jólasýning í Grýluhelli: Sýningin var opnuð 10. desember og stóð fram á þrettándann. Á sýningunni mátti finna Grýlu og Leppalúða. Stóran pott mátti líka finna á hlóðum með skemmtilegri lýsingu. Munir og skraut voru fengnir frá Byggðarsafni Reykjanesbæjar, Ísafirði og starfsfólki. Stefnt er að því að endurgera sýninguna 2021 þar sem hægt verður að gera hana enn betri og vonandi ekki í skugga fjöldatakmarkana.

Legu Place-bræðra: Í skáp við aðalinngang í safnið var sett upp lítil sýning á Legosafni Place-bræðra. Það var móðir þeirra Gunnhildur Þórðardóttir sem átti hugmyndina og hafði samband við safnið. Hún sá einnig um uppröðun Lego kubbana.

Kynningarmál

Rými Bókasafnsins: Allar auglýsingar eru hengdar upp í rými bókasafnsins. Þannig sjá notendur bókasafnsins hvað er að gerast í safninu hverju sinni.

Miðlar

Heimasíða Bókasafns Reykjanesbæjar: Á heimasíðunni eru skrifaðar fréttir um starfsemi bókasafnsins, allir viðburðir auglýstir og síður með margvíslegum upplýsingum, til dæmis um sýningar í safninu, útlánareglur, safnkostinn og margt fleira.

Instagram: Instagram er vinsælasti samfélagsmiðill unga fólksins og þar eru settar inn myndir úr daglegu starfi bókasafnsins, auk þess sem viðburðir eru auglýstir á myndrænan hátt.

Facebook: Bókasafnið nýtir sér Facebook á fjölbreyttan hátt. Allir viðburðir á vegum safnsins eru auglýstir þar, alls konar upplýsingum um þjónustu safnsins er komið á framfæri og myndir úr daglegu starfi settar inn. Auk þess heldur Bókasafnið utan um nokkra lokaða Facebook hópa, t.d. fyrir Foreldramorgna, Leshring og Heimskonur.

Póstlistar/fréttabréf: Póstlistaforritið MailChimp er notað til þess að senda út auglýsingar um viðburði safnsins.

Hefðbundnir fjölmiðlar/annað: Allir viðburðir eru skráðir á Viðburðasíðu Reykjanesbæjar og einnig birtast flestir þeirra í Viðburðatorgi Reykjanesbæjar í Víkurfréttum á hverjum fimmtudegi og rafrænu fréttabréfi Súlnnar. Umfjallanir um viðburði á vegum safnsins birtast oft í Víkurfréttum og af og til náum við eyrum landsfjölmiðla.

TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

Tölvueign: 14 tölvur eru nú í eigu safnsins, ein keyrir netkaffi fyrir gesti. Þar af eru 3 nettölvur fyrir gesti með prentara, 1 sjálfsafgreiðsluvél, 1 leitartölva fyrir gesti sem veitir aðgang að leitir.is, þar sem hægt er að fletta í bókakosti allra bókasafna á landinu auk rafrænna gagnasafna. Loks eru sex tölvur á vinnustöðum starfsmanna. Ókeypis aðgangur er að almenningstölvunum og þráðlausu neti fyrir lánþega safnsins, aðrir greiða fyrir aðgang að tölvu. Árið 2020 voru 1.335 (1.764) skráningar í netkaffi bókasafnsins sem gerir um 111 (147) á mánuði. Mest var aðsóknin í netkaffið í september eða 193 innskráningar.

Forrit og kerfi: Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 10. Bókasafnskerfið Gegnir er sett upp á allar tölvur fyrir utan leitartölvur lánþega og netkaffi. Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og veitir aðgang að safnkosti nær allra íslenskra bókasafna svo hægt er að leita innan hans. Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar, millisafnalán og stór hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegnir. Önnur helstu forrit eru Adobe Creative suite, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer, GoPro og Lotus Notes. Haldið var áfram að setja inn myndir safnsins í forritið FotoStation sem heldur utan um myndir Reykjanesbæjar.

UPPLÝSINGAEILD

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir: Starfsemi Upplýsingadeildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum. Einnig er starfsemin fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingadeildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu. Starfsfólk upplýsingardeildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður upplýsingadeild viðskiptavinum upp á notendaþjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti upplýsingalæsis. Jafnframt sér deildin um kynningar fyrir hópa sem vilja kynna sér safnið og starfsemi þess. Áfram verður lögð áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Skráðar beiðnir um heimildaleit voru 67 (85). Áfram heldur fækkun í upplýsingaleit hjá upplýsingaþjónustu sem er á neðri hæð safnsins sem má að einhverju leiti rekja til lokunnar safnsins vegna lokana. Fækkunin virðist aðallega vera hjá grunn- og framhaldsskólanum. Aðstaðan á neðri hæð safnsins er nýtt vel á hverjum degi og hefur verið aukning á og því miður ekki verið pláss fyrir alla og sumir þurft að frá hverfa á mestu álagstímum. Heimanámsaðstoðin er í „Búrinu“ þar sem sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum aðstoða tvisvar í viku yfir vetrartímamann.

Millisafnalán: Beiðnir um millisafnalán frá öðrum söfnum 11 (24), millisafnalán til annarra bókasafna, 14 (48) lán til annarra stofnana s.s. skóla 2418 (3048) og lán til skipshafna (skipakassar) 151 (301).

Notendafræðsla: Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál. Þrátt fyrir litla eftirspurn er nauðsynlegt að geta boðið upp á þessa kennslu og því er vilji fyrir að halda henni áfram.

Handbækur: Handbókasafnið, sem staðsett er á neðri hæð við upplýsingaþjónustuborð er í sífelldri þróun og endurskoðun. Fyrir nokkrum árum var tekin sú stefna að lána út handbækur í skammtímaláni til þess að fá meiri hreyfingu á handbækur. Lánstími er allt frá því að vera frá einum sólarhring upp í 14 daga. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir.

Upplýsingavakt: Þórey, Guðný og Sigurrós sinntu upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 9 til 16 virka daga og það hefur tekist ágætlega. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirspurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

ÚTLÁNADEILD

Verksvið: Markmið útlánadeildar er að veita gestum Bókasafnsins sem besta þjónustu í miðlun upplýsinga á öllum sviðum. Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanaþjónusta,

heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavini, aðstoða viðskiptavini við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögur um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni. Starfsmenn í afgreiðslu finna aukna þörf notenda fyrir aðstoð við almenningstölvur.

Útlán: Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2020 voru 53.913 (76.171). Heimsendingar og útlán á elliheimili voru alls 847 (1.016). Útlán til skipa voru 151 (301). Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.380 (19.380). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókasþjalli voru 240 (432). Flest útlán frá afgreiðsluborði voru í júlí 6.859. Safnið var opið í 51 klst á viku yfir veturinn 228 (300) daga á árinu. Útlán í rafbókasafni voru 594 (730).

VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Innbindingu á Faxe og Víkurfréttum er sjálfhætt þar sem byrjað er að mynda á timarit.is. Umsjón með viðgerðum hefur Jóna Þórudóttir.



YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

Heimsóknir:

Landnemahópur frá MSS
Stökkpallurinn frá MSS
Starfsmenn Skógarás

Súlan:

Vikufundir
Menningar- og atvinnuráðsfundir
Stöðufundir

Nám og námskeið:

Námskeið í viðgerðum bóka – JP
Útlánanámskeið í Gegni – SB
Námskeið í BNA – heimskonuverkefni - AMC
Námskeið í Upplifunarhönnun - SG
Nám í safnafræði við HÍ – AMC,GKB
Nám í jákvæðri sálfræði við endurmenntun HÍ – SG

Ráðstefnur, fundir:

Morgunkorn – fyrirlestur fyrir Upplýsingu GKB/SG
Stefnumótun Súlunnar - SG/SS/ÞÖG/AMC/RLG/GKB/JP
Kjarkur til forystu - stjórnendaefling RNB SG/ÞÖG
Kynning fyrir fjárhagsáætlun fyrir minni- og meirihluta – SG
Kynning á þróunarsjóði – AMC
Stafræn markaðssetning – GKB/AMC/ÞÖG
Fræðslufundur skrásetjara - ÞÖG/GKB
Stjórnendadagur – að fjarstýra breytingum í krísu - SG/ÞÖG
Samráðshópur lýðheilsustefnu – SG
Söguverkefnið - AMÓ
Allir með! Gjörningur - GKB
Vinnuhópur um nýtt bókasafnskerfi – ÞÖG
Starfsmenn á skólasöfnum í Reykjanesbæ – SG/AMC
Aðalfundur Landskerfis í maí - SG fulltrúi
Fundir í stjórn SFA – SG

Fundir í stjórn Upplýsingar - SG
Aðalfundur Málræktarfélags Íslands í júní – SG fulltrúi
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna – SG
Umsjón með bókaspjalli – SG/Guðmundur Ingvar Jónsson

Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:

Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar bókasafna – SG
Kynning á bókmenntaarfinum – með almenningsbókasöfnunum í Grindavík, Vogum og Suðurnesjabæ
Bókasafnsdagurinn – kynning á bókasöfnum og starfsemi þess
Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Hljóðbókasafn – AMC
Landskerfi bókasafna – SG
Málræktarfélag Íslands – SG fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gagnis – SG
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - SG
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – SG fulltrúi
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - allir starfsmenn félagar

Starfsmannafundir, starfsmannamál:

Hópavinna – teymi um málefni/verkefni. Fundað eftir þörfum
Starfsmannafundir
Starfsmannasamtöl
Stytting vinnvikunnar

Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónaraðilum verkefna.

Gjört í janúar 2021

Stefanía Gunnarsdóttir

Forstöðumaður

